



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

RENN1GR05
(Rennismiði)

Kennari/kennarar:	Gísli Viðar Oddsson (GVO) gisli.oddsson@fsu.is Jóhann Valdimarsson (JV) johann.valdimarsson@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Kennt er á hefðbundinn rennibekk, fræsivél og borvél. Kennslan er einstaklingsmiðuð og eru öryggismál veigamikill þáttur námsins. Samhliða verklegri kennslu er bókleg kennsla. Námið byggir á verkefnalausnum, verk- og bóklegum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Öryggismálum og umhirðu spóntökuvéla.
- Mismunandi hlutum spóntökuvélanna, tilgangi þeirra og möguleikum.
- Stillimöguleika rennibekkjarins við mismunandi verkþætti.
- Helstu uppspenniaðferðum í rennibekk og fræsara.
- Muninum á mismunandi gerðum rennistáls og í hvaða tilgangi þau eru notuð.
- Mikilvægi þess að gæta ávallt fyllsta öryggis þegar unnið er með spóntökuvélar.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Leysa einföld verkefni í rennibekk innan 0,1 mm málvika.
- Skrúfuskera með tappa og bakka í rennibekk.
- Skrúfuskera öxul með skrúfuskurðarstáli.
- Fræsa kant á öxul.
- Sinna umhirðu rennibekks og fræsivélar á fullnægjandi hátt.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gæta ávallt fyllsta öryggis þegar unnið er við spóntökuvélar.
- Reikna út snúnings- og skurðhraða samkvæmt töflum.
- Finna réttan skurð- og snúningshraða og velja rétt verkfæri við lausn mismunandi verkefna.
- Leita ráða hjá reyndum mönnum þegar það á við.
- Gera stutta greinargerð um verkefni sem unnin eru þar sem fram koma upplýsingar um efnistöð, véla- og verkfæraaval, framvindu verks og vinnslutíma.

Námsefni:

Rennismiði fyrir grunnnám málmiðna, 2. útgáfa (Þór Pálsson), efni frá kennara. Nemendur verða að útvega sér sitt eigið rennimál

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
2	4- 10. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar. - Námsáætlun áfangans kynnt - Farið yfir helstu öryggisatriði við notkun spóntökuvéla	
3 - 7	11. janúar-14. febrúar	Kennt á færslur rennibekkjanna og byrjað að smíða smíðastykkinn	Bóklegt verkefni 1 Bóklegt verkefni 2 Bóklegt verkefni 3 Smíðastykki 1-1
8 – 10.	15. febrúar-7. mars.	Unnið í smíðastykkjum samkvæmt smíðateikningum. Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar. Áfangamessa 4. mars	Bóklegt verkefni 4 Smíðastykki 2 Smíðastykki 1-2
11 - 15	8. mars.- 11. apríl	Smíðastykki unnin samkvæmt smíðateikningum. Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Bóklegt verkefni 5 Bóklegt verkefni 6 Bóklegt verkefni 7 Smíðastykki 1-2 Smíðastykki 3

16 - 22	12. apríl - 30. maí	Smíðastykki kláruð og skilað til mats. Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Bóklegt verkefni 8 Smíðastykki 3 Aukaverkefni
---------	---------------------	--	---

Sérreglur áfangans:

Mætingaskylda er í allar kennslustundir skv. mætingareglum skólans, að auki eru gerðar kröfur um að raunmæting fari alls ekki undir 70% þar sem áfanginn er að hluta verklegur og ekki hægt að vinna verkefni annarsstaðar en í sal skólans. Ekki er tekin ábyrgð á fötum og skulu nemendur vera með skáp undir föt, námsbækur og tölvur. Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Notkun á sínum og öðrum raftækjum: Notkun síma og annarra raftækja (þ.m.t. eyrnatól) er óheimil í tímum og varðar slík notkun fjarvist úr tíma (F). Spóntökutæki eru hættuleg tæki og krafa er um fulla einbeitingu við notkun þeirra.

Nemendur skulu í verklegum tímum klæðast óeldfimum fatnaði og vera í hlífðarfötum sem ná vel upp í háls og sloppum eða göllum. Skylda er að vera í öryggisskóm og sloppum, eða öðrum viðurkenndum hlífðarfatnaði í verksal. Nemandi er vísað úr tíma sé hann ekki í viðeigandi hlífðarfatnaði.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar.

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. [Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.](#)

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkleg verkefni	Smíðastykki 1-1 Rennt í þvermál og lengdir	15%
Verkleg verkefni	Smíðastykki 2	20%

Verkleg verkefni	Smíðastykki 1-2 Snittað og rær smíðaðar	10%
Verkleg verkefni	Smíðastykki 3	20%
Fagbókleg verkefni	Bókleg verkefni á Innu	20%
Ástundun og umgengni	Umgengni um spóntökutæki og vinnusemi	15%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 6. janúar 2026 Gísli Viðar Oddsson og Jóhann Valdimarsson